

Endurlífgunarráð Íslands

Fundur mánudaginn 9. september 2019 haldinn í húsnæði menntadeildar LSH, Skaftahlíð 24.

Fundarmenn: Hjörtur Oddsson, Hlynur Höskuldsson, Valgerður Hermannsdóttir, Ásgeir Valur Snorrason, Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, Guðbjörg Helga Jónsdóttir, Elma Rún Ingvarsdóttir og Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir.

Boðuð forföll: Þórður Þórkelsson, Ármann Jónsson

DAGSKRÁ FUNDAR:

1. Fundur settur.

- a. Hjörtur fundarstjóri og Sigurbjörg fundarritari

2. „Börnin bjarga“ 16. Október

- a. Ilmur Dögg Níelsdóttir skólahjúkrunarfræðingur í Víðistaðaskóla er búin að skipuleggja „hóp endurlífgun í Víðistaðaskóla“ með nemendum sínum sem hluta af verkefninu „Börnin bjarga“ sem Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu stendur fyrir. Öll 12 ára börn á landinu munu fá kennslu í grunnendurlífgun á vegum skólahjúkrunarfræðinga.
- b. Gott ef einhverir stjórnarmeðlimir Endurlífgunarráðs gætu mætt – vilja þakka styrktaraðilum.

3. 29. september 2019 er „Hjartadagurinn“

- a. Hjartaheill búið að skipuleggja fjáröflunarverkefni.
 - i. Hjartalaga upplýsingablöðungur sendur á öll heimili.
 - ii. Það verður sendur út upplýsingarit/kálfur um hjartasjúkdóma og endurlífgun með dagblöðum dagsins.
 - iii. ATH. Það hafa um 14 þúsund manns hlotið kennslu í endurlífgun hjá RKÍ 2018.

4. Cozy

- a. Barnakúrsinn gildi áður í 5 ár en gildir nú í 3 ár. Nú verður krafist þess að fara í „tölvunám“ í lok 3ja árs sem lengir þá gildistímann úr 3 í 5 ár.
 - i. Tilfellaæfingar á SAK með undirbúning inná Cozy.
- b. Viljum við halda gildistíma skirteina í 5 ár eða 3 ár? Þetta er undir hverju félagi komið. Gildistíminn hefur verið 3 ár að undanskildum síðustu 2 árum þar sem gildistíminn hefur verið 5 ár.
 - i. Ákveðið að breyta gildistíma styttri námskeiða, ILS og EPILS í 3 ár

5. Verkefni vetrarins

- a. Appið
 - i. Hrafnhildur ræddi við Ólaf Magnússon í Donna. Það fyrirtæki selur langflest stuðtæki á landinu – Samaritan tæki. Ólafur hefur skipt út tækjum frá öðrum heildsölum sem hafa farið í þrot.

- ii. Þýskt app – Öll seld, uppfærð og staðsett tæki eru skráð í appið.
- iii. Fastus var að kaupa HealthCo.
- iv. Fá Ólaf Magnússon í Donna á fund.
- v. Fá Viðar Magnússon á fund vegna neyðarlínunnar.

6. Fyrirspurn frá Lyfjastofnun

- a. Hvar eru stuðtækin og hversu mörg eru seld?
 - b. Hvaða tengsl hefur Lyfjastofnun við eftirlit með stuðtækjum?
 - i. Ræða við Sigga hjá HealthCo og Ólaf í Donna
7. Næsti fundur fimmtudaginn 7. nóvember 2019 á sama stað.
8. Fundi slitið